



Grænt bókhald fyrir árið 2023 Alur Álvinnsla ehf.

Apríl 2024

| Nr. útg. | Dagsetning | Unnið | Yfirfarið | Samþykkt |
|----------|------------|-------|-----------|----------|
| 1 | 24.04.2024 | BS | BS | BS |

Efnisyfirlit

| | | |
|----------|--|----------|
| 1 | Yfirlýsing stjórnar Alur Álvinnsla ehf. | 3 |
| 2 | Áritun endurskoðanda | 4 |
| 3 | Almennar upplýsingar | 5 |
| 4 | Umhverfisstefna | 6 |
| 5 | Lykiltölur | 7 |

1 Yfirlýsing stjórnar Alur Ávinnsla ehf.


Framkvæmdastjóri Als Ávinnslu ehf. staðfestir hér með að tölur og upplýsingar sem gefnar eru upp í grænu bókhaldi eru unnar úr bókhaldi fyrirtækisins og settar fram af bestu vitund starfsmanna Als Ávinnslu ehf.

Til stóð að skipta út rykhreinsivikri fyrirtækisins á árin. Eftir skoðun á hreinsivirkin var ákveðið að skipta um alla poka í virkin og endurnýja allan búnað sem tilheyrir pokavirkinu.

Á árinu var settur upp búnaður til að vinna saltköku og gjallsand. Þetta er búnaður sem hefur verið í þróun síðan 2015 og lokahnykkurinn í þróun á endurvinnsluferli fyrir þessi efni. Búnaðurinn er enn í þróun og fékkst undanþága frá Umhverfisstofnun til ársins 2025 til þess að aðlaga búnaðinn að rekstri fyrirtækisins og ljúka tilrauninni. Þegar ljóst er hvernig endanleg virkni hans er verður farið fram á útvíkkun starfleyfis fyrirtækisins og endurvinnsluferlinu bætt inn í gildandi starfsleyfi.

Akranesi, 24. apríl 2024.

F.h. Stjórnar.



Brynja Silness
General Manager
Alur Ávinnsla ehf.
Framkvæmdastjóri

2 Áritun skoðunarmanns

Ég hef skoðað útreikninga og yfirlit upplýsingar sem fram koma í umhverfisskýrslu Als Álvinnslu ehf. fyrir árið 2023. Umhverfisskýrslan er lögð fram af stjórnendum Als Álvinnslu og á ábyrgð þeirra. Ábyrgð mín felst í því álitum sem ég læt í ljós á framsettum gögnum í umhverfisskýrslunni á grundvelli skoðunarinnar.

Skoðunin er í samræmi við kvaðir reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald. Skoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna upplýsingar sem fram eru settar í umhverfisskýrslunni. Skoðunin felur einnig í sér athugun á útreikningum sem beitt er við mat á stærðargráðu einstakra þátta sem upp eru taldir í umhverfisskýrslunni.

Samkvæmt upplýsingum starfsmanna fyrirtækis var ekki framkvæmd mæling að hreinsivirki fyrirtækisins eins og kveðið er á um í starfleyfi. Mælingunum seinkaði vegna endurbóta á hreinsivirki sem urðu til þess að ekki tókst að mæla afgangið á árinu 2023. Mælingar voru framkvæmdar í byrjun árs 2024 og var Umhverfisstofnum upplýst um þessa seinkun.

Ég tel að Skoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til þess að byggja á álit mitt.

Það er álit mitt að umhverfisskýrslan gefi glögga mynd af umhverfisáhrifum rekstrarins fyrir árið 2023, í samræmi við góðar og viðteknar venjur í atvinnugreininni.

Reykjavík, 24. apríl 2024.

VSÓ Ráðgjöf




Guðjón Jónsson,
efnaverkfræðingur

3 Almennar upplýsingar

Alur Álvinnsla ehf. sinnir endurvinnslu á gjalli sem fellur til við álframléiðslu.

Vinnsluferillinn er settur þannig upp að öll efni sem til falla fara í endurnotkun/endurvinnslu. Með þessu er viðskiptavinum tryggt að ekki fellur til neinn úrgangur sem þarf að urða eða farga á annan hátt. Ferillinn byggir á íblöndun á salti (flúxefni) sem verður endurrunnið í verksmiðjunni þegar búið verður að setja upp tækjabúnað sem sérstaklega er hannaður fyrir þessa vinnslu. Saltkaka sem verður til samanstandur af blöndu af salti, áloxíðum og ýmsum snefilefnum. Saltkakan er endurrunnin og er stefnt að því að áloxíðið verði selt til ýmissa nota. Saltlaus ferill er einnig notaður og er hann eins að öðru leiti en að ekki er notað neitt flúxefni (salt) í þeim ferli.

Á árinu hófust tilraunir með að endurvinna gjallsandinn á sama hátt og saltkökuna, þannig verður til efni sem verið er að skoða hvernig hægt verður að nýta í annarri vinnslu og hætta urðun hans.



Mynd 3.1 Endurvinnsluferill.

Alur Álvinnsla starfar samkvæmt gildandi starfsleyfi sem var endurskoðað og endurútfært 9. nóvember 2022 og gildir til 9. nóvember 2038.

Alur Alvinnsal ehf. er staðsett á Grundartanga, Klafastaðvegi 4.

Í stjórn fyrirtækisins situr, Friðbjörn Eiríkur Garðarsson.

Framkvæmdastjóri er Brynja Silness.

Eftirlitsaðili er Umhverfisstofnun.

4**Umhverfisstefna**

Alur Álvinnsla ehf. er endurvinnslufyrirtæki. Fyrirtækið stefnir að því að lágmarka öll umhverfisáhrif sem tengjast rekstrinum og beitir því bestu fánægri tækni við endurvinnsluna.

Stefna fyrirtækisins er að öll úrgangsefni sem að falla til fari til endurvinnslu eða endurnýtingar.

Fyrirtækið mun fylgja öllum lögum og reglum sem um starfsemina gilda.

Fyrirtækið setur sér það markmið að allar upplýsingar um umhverfisáhrif sem tengjast rekstrinum verði aðgengilegar eftirlitsaðilum, viðskiptavinum og almenningi.

5 Lykiltölur

Í töflu 5.1 má finna helstu lykiltölur ársins 2023.

| Tafla 5.1: Lykiltölur – hráefni, orka og framleiðsluvörur | | |
|---|--------|------|
| | Eining | Magn |
| Framleiðsla: | | |
| Ál | Tonn | 4203 |
| Hráefni: | | |
| Álgjall | Tonn | 5730 |
| Hjálprefni: | | |
| Salt | Tonn | 800 |
| Orka: | | |
| Súr | Tonn | 816 |
| Olía | Tonn | 816 |
| Aukaefni: | | |
| Saltkaka | Tonn | 1652 |
| Gjallsandur | Tonn | 4736 |
| Endurvinnsla: | | |
| Saltkaka | Tonn | 620 |
| Gjallsandur | Tonn | 406 |